

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2018, miðvikudaginn 7. febrúar kl. 9.10, var haldinn 220. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson, Oddrún Helga Oddsdóttir, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Marta Grettisdóttir.

Fundarritari er Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufunda skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 2. febrúar 2018.

2. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, (04.613) Mál nr. SN170460
Stekkjarbakki, breyting á aðalskipulagi

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Stekkjarbakka milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka, dags. september 2017. Í breytingunni felst að horfið er frá fyrirhugaðri færslu götu til norðurs. Einnig er lögð fram umhverfisskýrsla VSÓ, dags. 18. september 2017. Kynning stóð til og með 30. október 2017. Eftirtaldir sendu umsagnir: Seltjarnarnesbær dags. 16. október 2017, Vegagerðin dags. 26. október 2017, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 30. október 2017, Umhverfisstofnun dags. 20. nóvember 2017, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 6. desember 2018 og Bláskógabyggð dags. 19. desember 2018.

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. febrúar 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Stekkjarbakka, stofnbraut milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka. Í breytingunni felst að horfið er frá fyrirhugaðri færslu til norðurs. Einnig er lögð fram umhverfisskýrsla VSÓ ráðgjafar dags. september 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, (01.242) Mál nr. SN170715
Laugavegur-Skipholt, reitur 25, breyting
á aðalskipulagi, verklýsing

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. september 2017 vegna breytingar á aðalskipulagi vegna Laugavegs-Skipholts (reits 25). Um er að ræða aukningu byggingarmagns og breyttar heimildir um fjölda íbúða. Eftirtaldir sendu inn umsagnir/athugasemdir: Mosfellsbær dags. 30. október 2017, Sjómannahéimilið Örkin Reykjavík dags. 30. október 2017, Gísli Gestsson f.h. Víðsjá dags. 31. október 2017, Bláskógabyggð dags. 19. október 2017, Skipulagsstofnun dags. 7. nóvember

2017, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 6. desember 2018 og Seltjarnarnesbær dags. 22. desember 2018.

Lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. febrúar 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir Laugaveg-Skipholt (reitur 25). Í breytingunni felst aukning byggingarmagns og breyttar heimildir um fjölda íbúða.

Samþykkt að kynna framlögð drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Drögin verða send til Hverfisráðs Hlíða, Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, nágrannasveitarfélaga og skóla- og frístundaráðs/sviðs Reykjavíkur.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Í gögnum málsins vekur athygli fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að auglýsing um breytingu á aðalskipulagi hafi komið aðilum á nálægu svæði á óvart. Mikilvægt er að í framhaldinu sé gætt að því að fyllsta samráð sé haft við alla hagsmunaaðila.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN180067
breytt afmörkun landnotkunar, breyting á
aðalskipulagi

Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. dags. febrúar 2018 vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst breytt afmörkun landnotkunar fyrir samfélagsstofnanir og fleiri sambærilegar lagfæringar

Lýsing á skipulagsgerð samþykkt til kynningar og umsagna, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsingin verður send til skilgreindra umsagnaraðila

Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur
Vísad til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Grensásvegur 12 og 14, breyting á (01.295.4) Mál nr. SN170806
deiliskipulagi
560514-0850 Lómur ehf., Gnípuheiði 2, 200 Kópavogur
681212-0860 Archus slf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Guðmundar Gunnlaugssonar mótt. 31. október 2017 ásamt bréfi dags. 26. október 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 12 við Grensásveg. Í breytingunni felst að heimilt verður að breyta notkun bakhúss á lóðinni, Grensásvegur 12a, og innrétta þar 9 íbúðir. Einnig er lóð Grensásvegur 12 og 12a skilgreind m.t.t. garða, sérafnotahlutum/veröndum og bílastæðafyrirkomulags, skv. uppdr. Teiknistofunnar Stíku dags. 31. janúar 2018.

- Kl. 9.36 tekur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir sæti á fundinum.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Umhverfis- og skipulagsráð felur skipulagsfulltrúa að hefja undirbúning að skipulagi og þróunaráætlun fyrir Múlana. Samkvæmt Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 er áætluð aukning húsnæðis á svæðinu (M2 c,d,e) um 80 þ. fm. þar af um 300 íbúðir. Aukin eftirspurn er eftir breytingum á húsnæði á svæðinu en ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir það. Mikilvægt er að ná utan um langtímaþróun og uppbyggingu á svæðinu sem miðsvæði sem jafnframt er aðlægt fyrirhugaðri borgarlínu eftir Suðurlandsbraut þar sem gert er ráð fyrir auknum þéttleika byggðar.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Magnea Guðmundsdóttir vísar af fundi undir þessum lið.

6. Skógarhlíð 22, Þóroddsstaðir, breyting á (01.705.8) Mál nr. SN160912
deiliskipulagi
450406-0230 VERT ehf., Skógarhlíð 22, 105 Reykjavík
470498-2699 Hornsteinar arkitektar ehf, Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Hornsteina arkitekta ehf. mótt. 1. desember 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 22 við Skógarhlíð. Í breytingunni felst að skilgreina notkun lóðarinnar undir íbúðabyggð og heimila uppbyggingu húsnæðis sem tekur mið af formgerð Þóroddsstaða. Heimilt verði að byggja allt að 18 íbúðir á lóðinni, að hámarki 6 íbúðir í núverandi húsi (Þóroddsstöðum) og að hámarki 12 íbúðir í nýbyggingunni, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarsupph. Hornsteina arkitekta ehf. dags. janúar 2018. Einnig er lögð fram drög að greinargerð, ódags., umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 28. mars 2017 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. maí 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Suðurlandsbraut 4-4A, breyting á (01.262.0) Mál nr. SN160777
skilmálum deiliskipulags
510108-2210 Mænir Reykjavík ehf., Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Mænis Reykjavík ehf., mótt. 18. október 2016, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Ármúla, Vegmúla, Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 4-4A við Suðurlandsbraut. Breytingin varðar kvöð um bílastæði, samkvæmt tillögu Urban arkitekta ehf., dags. 29. maí 2017, br. 12. október 2017. Einnig er lagt fram bréf umsækjanda, dags. 3. október 2017. Tillagan var auglýst frá 7. nóvember 2017 til og með 19. desember 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Páll V. Bjarnason f.h. Reginn atvinnuhúsnæði ehf. dags. 18. desember 2017 og S4 eignarhaldsfélag ásamt 3 fylgiskjöllum, dags. 18. desember 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2018.

Synjað með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2018.

Vísad til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Vogabyggð svæði 1, breyting á (01.45) Mál nr. SN180050

deiliskipulagi

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogabyggð, svæði 2. Í breytingunni felst m.a. leiðrétting á hæðarkótum bygginga, stærð svala og staðsetning innkeyrslu í bílakjallara, samkvæmt uppdrætti Teiknistofunnar Traðar ehf. dags. 26. janúar 2018. Einnig eru lagðir fram skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð, dags. 26. janúar 2018 og almenn greinargerð og skilmálar fyrir innviði dags. 26. janúar 2018. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs. Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

(B) Byggingarmál

9. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 960 frá 6.febrúar 2018.

(C) Fyrirspurnir

11. Stórhöfði 29-31, (fsp) stækkun húss og (04.084.8) Mál nr. SN180048
fjölgun bílastæða
521102-2840 Húsfélagið Stórhöfða 31, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 24. janúar 2018 ásamt bréfi dags. 12. janúar 2018 um stækkun hússins á lóð nr. 29-31 við Stórhöfða ásamt fjölgun bílastæða. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2018.

Neikvætt er tekið í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2018.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

12. Arnarhlíð, Mál nr. US180007

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags, 5. febrúar 2018 ásamt tillögu Landmótunar að bráðabirgðaútfærslu Arnarhlíðar dags. 5. febrúar 2018.

Umhverfis- og skipulagsráðs samþykkir tillögu Landmótunar að bráðabirgðaútfærslu Arnarhlíðar dags. 5. febrúar 2018.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að halda því til haga að útfærsla Arnarhlíðar, sem hér er samþykkt, er tímabundin og ekki í samræmi við samþykkt skipulag. Aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir að Snorrabrautarásinn verði framlengdur í gegnum Hlíðarendasvæðið um Arnarhlíð. Þegar til þess eða annarra breytinga kemur munu tímabundin miðeyja og bílastæði við hana víkja.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

13. Notkun nagladekkja í Reykjavík, Mál nr. US170383
talningar og fræðsla - kynning

Kynning á nýjustu nagladekkjatölum frá Eflu og fræðsluherferð vor og haust 2017.
Kynnt.

14. Umferðaröryggisáætlun, stöðukynning Mál nr. US180027

Kynnt staða vinnu við mótun umferðaröryggisáætlunar.
Fulltrúar Verkís Höskuldur Kröyer og Berglind Hallgrímsdóttir kynna.

15. Meindýravarnir, ársskýrsla 2017 Mál nr. US180025

Lögð fram og kynnt ársskýrsla meindýravarna 2017.
Guðmundur Þ. Björnsson rekstrarstjóri meindýravarna kynnir.

(D) Ýmis mál

16. Fjárhagsáætlun, tíma- og verkáætlun Mál nr. US180028
vegna fjárhagsáætlunar 2019-2023

Lögð fram tíma- og verkáætlun Reykjavíkurborgar vegna fjárhagsáætlunar 2019-2023 dags. 26. janúar 2018.

17. Laugardalslaug, hugmyndasamkeppni Mál nr. US180024

Lagt fram bréf íþrótt- og tómstundasviðs dags. 29. janúar 2018 varðandi hugmyndasamkeppni um Laugardalslaug.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

18. Betri Reykjavík, færanlegur kaffistandur í Mál nr. US150123
Grafarholtið yfir sumarið
(USK2015040065)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd aprílmánaðar úr flokknum framkvæmdir "færanlegur kaffistandur í Grafarholtið yfir sumarið" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. apríl 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. janúar 2018.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. janúar 2018 samþykkt.

Bragi Bergsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

19. Betri Reykjavík, vatnspóst í Mál nr. US160006
Hljómskálagarðinn (USK2015120052)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „vatnspóst í Hljómskálagarðinn“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. desember 2015. Erindið var efsta hugmynd desembermánaðar 2015 í málaflokknum framkvæmdir. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. janúar 2018.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. janúar 2018 samþykkt.

Bragi Bergsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

20. Betri Reykjavík, fleiri bekkir á Kringlumýrarbraut (USK2016030039) Mál nr. US160075
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „fleiri bekkir á Kringlumýrarbraut“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum ýmislegt. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. janúar 2018.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. janúar 2018 samþykkt.

Bragi Bergsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

21. Betri Reykjavík, útikörfuboltavöll í laugardalinn Mál nr. US170047
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „útikörfuboltavöll í laugardalinn“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2017. Erindið var efsta hugmynd janúarmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 7. nóvember 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 7. nóvember 2017 samþykkt.

Bragi Bergsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. Betri Reykjavík, frisbígolfvöll í Öskjuhlíð - 18 holu Mál nr. US170052
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „frisbígolfvöll í Öskjuhlíð - 18 holu“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2017. Erindið var fimmta efsta hugmynd janúar mánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 27. september 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 27. september 2017 samþykkt.

Bragi Bergsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Betri Reykjavík, leiktæki í Laugardalinn Mál nr. US170119
(USK2017030018)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „leiktæki í Laugardalinn“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 8. mars 2017. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 27. desember 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 27. september 2017 samþykkt.

Bragi Bergsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

24. Betri Reykjavík, heimilislega hverfið - Mál nr. US170143
Ljósín í bænum (USK2017040013)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "heimilislega hverfið - Ljósín í bænum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 6. apríl 2017. Erindið var fimmta efsta hugmynd marsmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. desember 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. desember 2017 samþykkt.

Bragi Bergsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

25. Betri Reykjavík, gamla anddyri Mál nr. US170184
Laugardalslaugarinnar
(USK2017060006)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "gamla anddyri Laugardalslaugarinnar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 2. júní 2017. Erindið var efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. desember 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. desember 2017 samþykkt.

Bragi Bergsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

26. Betri Reykjavík, Indoor Botanical Garden Mál nr. US170210
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "Indoor Botanical Garden" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 3. júlí 2017. Erindið var þriðja efsta hugmynd júnímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. desember 2017.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 28. desember 2017 samþykkt.

Bragi Bergsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

27. Klapparstígur 19, Veghúsastígur 1, kæra (01.152.421) Mál nr. SN170039
9/2017, umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 18. janúar 2017 ásamt kæru þar sem kærð er synjun á breytingu á deiliskipulagi á Klapparstíg 19 og Veghúsastíg 1. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 18. maí 2017. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 1. febrúar 2018. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur frá 20. desember 2016 um að synja tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötureits, staðgreinireits 1.152.4 vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg og 1 við veghúsastíg.

28. Lynghál 10, breyting á deiliskipulagi (04.327.0) Mál nr. SN170908
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. janúar 2018 um samþykki borgarráðs s.d varðandi auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 10 við Lynghál.

29. Eikjuvogur 27, breyting á deiliskipulagi (01.470.5) Mál nr. SN170491
670510-0340 a2f arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík
630317-0290 Ofar ehf., Skógarvegi 14, 103 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. janúar 2018 um samþykki borgarráðs s.d varðandi samþykki um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 27 við Eikjuvog.

30. Laufásvegur 68, breyting á deiliskipulagi (01.197.2) Mál nr. SN170588
270365-3539 Kjartan Hafsteinn Rafnsson, Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
700615-0650 Laufásvegur 68 fasteignafél ehf, Laufásvegi 68, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. janúar 2018 um samþykki borgarráðs s.d varðandi synjun á breytingu á deiliskipulagi Smáragötureita vegna lóðar nr. 68 við Laufásveg.

31. Snorrabraut 56, breyting á deiliskipulagi (01.193) Mál nr. SN170843
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. janúar 2018 um samþykki borgarráðs s.d varðandi synjun á breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 56 við Snorrabraut.

32. Víðidalur, C-Tröð 1, breyting á (04.765) Mál nr. SN170923
deiliskipulagi
591112-0820 Heimahagi Hrossarækt ehf., Hafnarstræti 97, 600 Akureyri
250456-4339 Guðjón Magnússon, Fellsás 4, 270 Mosfellsbær

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. janúar 2018 um samþykki borgarráðs s.d varðandi samþykki um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi fyrir Fákssvæðið í Víðidal.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 11.45.**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Torfi Hjartarson
Áslaug María Friðriksdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir.

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2018, þriðjudaginn 6. febrúar kl. 10.00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 960. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Alþingisreitur (01.141.106) 100886 Mál nr. BN054133
420169-3889 Alþingi, Kirkjustræti, 150 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja skrifstofuhús sem tengir og sameinar alla starfsemi Alþingis, með aðstöðu fyrir fundahöld, móttökur og ráðstefnur á Alþingisreit.
Erindi fylgir brunahönnun frá Eflu dags. 24. janúar 2018.
Stærð, mhl. 01, A-rými: 7.914,6 ferm., 31.073,4 rúmm.
B-rými: 130,7 ferm.
Mhl. 03, Kirkjustræti 4, A-rými: 787,9 ferm., 2.767,9 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda og málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
2. Bergþórugata 5 (01.190.226) 102429 Mál nr. BN053992
080455-4379 Yngvi Sindrason, Fagraþing 4, 203 Kópavogur
070158-6049 Vilborg Ámundadóttir, Fagraþing 4, 203 Kópavogur
500205-0750 Garðyrkjumaðurinn ehf., Fagraþingi 4, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til vesturs og til austurs, byggja rishæð og innrétta fjórar íbúðir í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Bergþórugötu.
Jafnframt er erindi BN052682 dregið til baka.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 29. janúar 2018.
Stækkun: 209,1 ferm., 625 rúmm.
Stærð eftir stækkun, A-rými: 442 ferm., 1.334 rúmm.
B-rými: 60,6 ferm., 122,5 rúmm.
Samtals 506,2 ferm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Borgartún 26 (01.230.002) 102910 Mál nr. BN053973
691206-4750 LF2 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052428, um er að ræða breytingar á fyrirkomulagi í eldhúsi og staðsetningu á gasofni í veitingastað í flokki II, teg. c í rými 0103 í húsi á lóð nr. 26 við Borgartún.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. Borgartún 28 (01.230.101) 102912 Mál nr. BN054124
650213-2110 BBL XX ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem 3. hæð er skipt upp í tvo eignarhluta 0301 og 0302 vegna eignaskiptasamnings í húsi á lóð nr. 28 við Borgartún.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

5. Bæjarflöt 1-3 (02.576.001) 172493 Mál nr.
BN054143

580607-0390 Bæjarflöt 4 ehf., Laugateigi 14, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 1 við Bæjarflöt.

Stækkun millilofts : 26,9 ferm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

6. Drápuhlíð 38 (01.713.007) 107218 Mál nr.
BN054144

141076-3109 Freyr Halldórsson, Drápuhlíð 38, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til breyta erindi BN052183 þannig að bílskúr verður byggður úr forsteyptum einingum, hætt er við glugga á suðurhlið og í staðinn er sett rennihurð og hár gluggi á austurhlið bílskúrs á lóð nr. 38 við Drápuhlíð.

Bréf frá hönnuði um breytingar dags. 30. janúar 2018 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

7. Efstaleiti 5 (01.745.002) 180144 Mál nr.
BN053856

630701-2440 TR-Eignir ehf, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að starfrækja mötuneyti/veitingastað í flokki II - tegund ?? í húsinu á lóð nr. 5 við Efstaleiti.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. desember 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2017.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

8. Eirhöfði 2-4 (04.030.101) 110517 Mál nr.
BN053724

520402-2410 Vagneignir ehf., Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús, mhl.03, sem hýsa mun hjólbarðageymslu og til að breyta erindi BN051154 sem felst í breyttu innra skipulagi, uppfærslu á brunavörnum, gerð geymslulofts 0104, breytingum á gluggum og gerð svala með flóttastiga í mhl. 01, á lóð nr. 2-4 við Eirhöfða.

Jafnframt er erindi BN052180 dregið til baka.

Stærðir:

Mhl.01- stækkun brúttóflatar 8,5 ferm.,19,6rúmm.

Mhl.03: 2.243,0 ferm., 21.746,3 rúmm.

Erindi fylgir:

Bréf arkitekts dags. 04.12.2017.

Greinargerð um brunahönnun dags. 30.09.2017.

Umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn dags. 27.04.2017.

Samkomulag um kvöð vegna flutninga dags. 22.08.2017.

Varmatapsútreikningar dags. 02.11.2017.

Gjald kr. 11.000.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

9. Fákafen 11 (01.463.402) 105679 Mál nr.
BN054157

420908-1560 ÞEJ fasteignir ehf, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík

620615-1370 Brauð og co ehf., Hæðasmára 6, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rými 0101 þannig að komið er fyrir skiptiklefum fyrir starfsfólk, kaffistofu og kæli í húsi á lóð nr. 11 við Fákafen.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

10. Fiskislóð 3 (01.089.502) 197244 Mál nr.
BN054163

571298-3769 Samkaup hf., Krossmóa 4, 260 Njarðvík

Sótt er um leyfi til að skipta verslunarrými og innréttu apótek, koma fyrir nýjum inngangi á suðvesturhlið og nýrri hurð á suðurhlið fyrir starfsfólk og vörumóttöku í húsi á lóð nr. 3 við Fiskislóð.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

11. Fiskislóð 53-69 (01.087.401) 100008 Mál nr.
BN053735

621287-1689 RA 10 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á annarri hæð í mhl. 01 og 02, brunavarnir og flóttaleiðir eru bættar, svalir tengdar við nýjan flóttastiga á norðvesturhlið mhl. 02, frönskum svölum komið fyrir á mhl. 02 og komið fyrir fellistiga á norðvestur- og suðurhlið mhl. 01 á húsi á lóð nr. 53-69 við Fiskislóð.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.

Þinglýsa skal eignaskiptayfirlýsingu vegna lóðar til að samþykktin öðlist gildi.

12. Flugvöllur (01.68.-.99) 106930 Mál nr.
BN054139

550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að flytja til inntök og lagnagrind í húsinu mhl. 03 með landnúmer 106930 í húsi flugskýlis nr. 3 á Reykjavíkurflugvellinum.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

13. Flugvöllur (01.68.-.99) 106930 Mál nr.
BN054140
550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að flytja til inntök, koma fyrir nýrri heimtaug fyrir rafmagn, koma fyrir nýju gólfniðurfalli í salerni og koma fyrir nýrri hitavatnslögn í húsi nr. 58C og D við Nauthólsveg á lóð Reykjavíkurflugvallar.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
14. Friggjarbrunnur 42-44 (05.053.201) 205962 Mál nr.
BN054073
450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048498, þar sem stjórnstöð vatnsúðakerfis er komið fyrir í inntaksklefa fjölbýlishúss á lóð nr. 42-44 við Friggjarbrunn.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. Garðsendi 3 (01.824.403) 108422 Mál nr.
BN054156
640513-0470 Garðsendi fasteignafélag ehf., Garðsenda 3, 108 Reykjavík
160572-3969 Valdimar Kristinsson, Garðsendi 3, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til suðurs og klæða efstu hæð með málmklæðningu í húsi á lóð nr. 3 við Garðsenda.
Stækkun: 72,3 ferm., 300,8 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
16. Gnoðarvogur 44-46 (01.444.101) 105528 Mál nr.
BN053998
160759-2919 Björn Leósson, Kjarrhólmi 38, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II - tegund B fyrir 14 gesti í húsi á lóð nr. 44 við Gnoðarvog.
Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2016.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

17. Grensásvegur 8-10 (01.295.305) 103846 Mál nr.
BN053886
630216-1680 E - fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir svölum og flóttastiga á suðvesturgafli og svölum á norðausturgafli, koma fyrir þakgluggum og innrétta gististað í flokki II, teg. b fyrir 77 gesti á 2. - 4. hæð skrifstofuhúss á lóð nr. 8-10 við Grensásveg. Erindi fylgir samþykki meðeiganda í húsi dags. 28. nóvember 2017 og hljóðvistargreinargerð dags. 1. febrúar 2018.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. janúar 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2018.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. Grettisgata 2A (01.182.101) 101818 Mál nr.
BN054112
570169-6459 G2A ehf., Lundi 90, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að gera flóttasvalir og björgunarop á framhlið ásamt því að breyta innra fyrirkomulagi á 4. hæð núverandi gististaðar í húsi á lóð nr. 2A við Grettisgötu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað til uppdráttar 100. 101, 102, 103 dags. 18. október 2017 og 18. desember 2017.
19. Gylfaflöt 2 (02.578.201) 224860 Mál nr.
BN054079
640717-0250 Gylfaflöt-2 ehf., Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja skemmu með kaffi- og starfsmannaaðstöðu á millilofti úr burðargrind úr stáli klædd steinullar samlokueiningum á lóð nr. 2 við Gylfaflöt.
Erindi BN053887 dregið til baka með þessu erindi. Umsögn brunahönnuðar dags. 21. nóvember 2018 og bréf hönnuðar vegna ath. frá erindi BN053888 dags. 16. janúar 2018. Orkurammi dags. 18. janúar 2018 fylgir.
Stærð húss: 1.465,2 ferm., 8.038,5 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
